

Fundargerð

39. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 22. nóvember 2013 kl. 13:30 að Borgartúni 12 – 14.

Mættir:

Reykjavík:

Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær:

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

Enginn viðstaddur

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Varaformaður, Sigríður Björk Jónsdóttir setti fund og stýrði.

Júlíus Vífill Ingvarsson þurfti að víkja af fundinum kl. 14:40

1. Niðurstöður íbúafundar um framtíð höfuðborgarsvæðisins.

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ greinir frá aðferðarfræði, framkvæmd og helstu niðurstöðum íbúafundar sem haldinn var 9. nóvember sl. og svaraði fyrirspurnum.

2. Nýtt svæðisskipulag, drög að niðurstöðum á umhverfismati sviðsmynda. Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir skipulagsráðgjafar frá Alta kynntu drög að niðurstöðum á umhverfismati sviðsmynda og svöruðu fyrirspurnum.

3. Nýtt svæðisskipulag, val á sviðsmyndum til útfærslu

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri greinir frá tillögu um næstu skref í vinnu við nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að matið á sviðsmyndum um þróun nýrrar byggðar verði kynnt fyrir sveitarstjórnnum og skipulagsnefndum sveitarfélaga. Mikilvægt er að þessi kynning fari fram áður en ákvörðun um hvaða sviðsmynd verði útfærð í nýju svæðisskipulagi, verður tekin á næsta fundi nefndarinnar.

4. Kerfisáætlun Landsnets 2014 - 2023 - Matslýsing

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri gerir grein fyrir umsögn SSH. Í henni er farið fram á að gögn sem orðið hafa til við heildarendurskoðunar vatnsverndar

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

höfuðborgarsvæðisins verði höfð til grundvallar við umhverfismat kerfisáætlunar.

5. Tillaga að heildarendurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025.

Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar hefur óskað eftir umsögn við tillögu að heildarendurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur fagraði að fara yfir tillöguna með tilliti til samræmis við gildandi svæðisskipulag. Umfjöllun um tillöguna er frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál.

Fulltrúar Seltjarnarness lögðu fram bókun um Samkomulag Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness frá 12. þ. m., vegna endurskoðunar svæðisskipulags, sbr. m.a. bókun við samþykkt svæðisskipulags í svæðisskipulagsnefnd 18. október 2013.

Hrafnkell greindi frá því að allar sveitarstjórnir hafa samþykkt breytingatillögur á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024. Breytingartillögurnar verða sendar Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45.